

<p>50. fundur svæðisráðs norðursvæðis 7. febrúar 2018 (10:00-11:55) Hafnarstræti 91, Akureyri</p>	<p>Fundarritari: Guðmundur Ögmundsson</p>	
<p>Mættir: Óli Halldórsson, formaður (í fjarfundi) Böðvar Pétursson, varaformaður (í fjarfundi) Arnheiður Jóhannsdóttir (í fjarfundi) Ásvaldur Ævar Þormóðsson Grétar Ingvarsson Sigríður Stefánsdóttir varam.</p>	<p>Fjarverandi: Hjördís Finnbogadóttir (boðaði varamann í sinn stað)</p>	<p>Aðrir fundargestir: Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður Jóhanna K. Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður (í fjarfundi)</p>

Dagskrá fundar:

1. Rekstraráætlun 2018
2. Innviðaaætlun 2018

1. Rekstraráætlun 2018

Formaður fór yfir aðdraganda þess að rekstraráætlun sé tekin fyrir á þessum tímapunkti. Hingað til hafa þær verið til afgreiðslu mjög seint og takmarkaðar upplýsingar verið uppi á borðinu. Jafnframt greindi hann frá þeim rekstrarhalla sem liggur fyrir og aðgerðum til að takast á við hann.

Svæðisráð samþykkir fyrirbyggjandi rekstraráætlun fyrir norðursvæði. Svæðisráð setur þó fyrirvara vegna yfirstandandi úttektar á rekstri þjóðgarðsins og áskilur sér rétt til að fjalla um og afgreiða viðauka með sama hætti og stjórn með breytingum ef forsendur gefa tilefni til. Til að mynda í kjölfar ákvarðana um aukafjármagn til innviða og niðurstöðu úttektar umhverfissráðuneytisins á fjárhag og rekstri.

Svæðisráð lýsir yfir ánægju með þá ákvörðun stjórnar að við hagræðingu skuli eftir fremsta megni viðhalda þeirri kjarnastarfsemi við landvörslu, náttúruvernd og gestastofur úti á svæðum þjóðgarðsins. Hins vegar er ljóst miðað við það fjármagn sem liggur fyrir, að það mun hafa neikvæð áhrif á landvörslu og þjónustu.

Varðandi öflun sértekna við Dettifoss, leggur svæðisráð áherslu á að gjaldtaka verði ekki hafin nema með viðunandi þjónustu, s.s. salernisaðstöðu, og að lagalegum forsendum vandlega ígrunduðum. Jafnframt vísar svæðisráð enn og aftur í fyrri bókanir sínar um gjaldtöku, sjá m.a. 49. fund svæðisráðs.

2.

Þjóðgarðsverðir lögðu fram tillögu að framkvæmdum á norðursvæði til umsóknar í Innviðaaætlun 2018. Svæðisráð fór yfir tillöguna og kom með tillögur að breytingum. Svæðisráð leggur áherslu á að verkefnum verði forgangsraðað og að ekki verði farið í framkvæmdir einstakra verkefna, nema fyrir liggi að fjármagn til rekstrar sé tryggt.

Svæðisráð leggur til að sótt verði um til eftirfarandi verkefna (upptalning óháð forgangsröðun):

2018: Dettifoss – salernisaðstaða; Dettifoss – göngupallar og göngustígar; Ásbyrgi – göngustígur að tjaldsvæði

2019: Gljúfrastofa – stækkun og malbikun bílastæðis; Ásbyrgi – endurnýjun snyrthúss á tjaldsvæði; Ásbyrgi – göngustígur að Botnstjörn; Hljóðaklettur (Langavatnshöfði) – salernisaðstaða og göngustígur; Mývatnssveit – gestastofa; Drekgil – köld gestastofa/upplýsingatorg

2020: Ásbyrgi – stækkun tjaldsvæðis; Ásbyrgi – skjólhús fyrir tjaldgesti; Hólmatungur (Ytra-Þórunnarfjall) – salernisaðstaða og göngustígur; Drekgil – upplýsingahús; Herðubreiðarlindir – aðstöðuhús fyrir landverði og upplýsingagjöf; Grafarlandaá - salernisaðstaða

Fundi slitið kl. 11:55.